

Tækniblað Vænni tjöruhreinsir

Vörulýsing

Vænni tjöruhreinsir er kröftugt hreinsiefni fyrir yfirborð bíla, vinnuvéla og annarra ökutækja, auk þess er hægt að nota hann til að þrifa tjöru og önnur erfið óhreinindi af slitsterkum yfirborðum eins og kerrum og öðrum tengivögnum. Hreinsiefnið, sem er ljósgult á litinn með daufri „efnalykt“, vinnur vel jafnt á tjöru sem og öðrum óhreinindum. Eftir notkun þess á ökutæki er mælt með sápuþvotti, til þess að fá sem bestan gljáa og útkomu.

Vænni tjöruhreinsir inniheldur vistvæn efnasambönd framleidd á Íslandi úr innlendum ofanjarðarkolefnisstraumum. Vænni tjöruhreinsir inniheldur hvorki terpentínu né önnur rokgjörn lífræn leysiefni.

Notkunarleiðbeiningar

Fyrir bestu virkni skal bera efnið á með úðara, bursta eða svampi og leyfa því að virka í 5-15 mínútur, passið þó að efnið þorni ekki á því sem þrifið er, skolið vel af með vatni og mjúkum bursta, tusku eða svampi ef hægt er. Ef um mikil óhreinindi er að ræða getur reynst gott að nudda eða bursta yfir óhreinindin með svampi, bursta eða tusku á meðan efnið er enn á yfirborðinu sem er þrifið. Mælt er til þess að varan sé eingöngu notuð þar sem loftræsting er góð.

Eðliseiginleikar

Eiginleiki	Eining	Gildi
Ástand við stofuhita	-	Fljótandi
Útlit	-	Ljósgulur vökvi
Sýrustig (pH)		10,0-10,5
Eðlismassi	g/mL	1,01
Seigja	cSt	94
Frostmark	°C	0
Gruggpunktar	°C	
Neðri		6-10
Efri		45-50
Lykt	-	Dauf efnalykt

Öryggi og meðhöndlun

Veldur alvarlegum augnskaða



Geymist í upprunalegum umbúðum, vel lokuðum, úr beinu sólarljósi og sem næst stofuhita. Forðist að geyma vöru utan ráðlagðra aðstæðna.

Fargið efninu samkvæmt lögum og reglugerðum. Merkið úrgangsefni vel og komið í spilliefnamóttöku.

Nánari upplýsingar m.a. um hlífðarbúnað, má nálgast á umbúðum og í öryggisblaði vörunnar.

Umbúðir

Mikilvægt er að endurvinnna eða endurnýta umbúðir. Þegar umbúðir eru endurunnar skal ganga úr skugga um að búið sé að klára allt hreinsiefni í umbúðunum, því næst skulu umbúðir þrífnað með vatni. Ekki þarf að nota aukaleg hreinsiefni til þrífanna. Umbúðum, sem eru 20 L eða stærri (brúsum, tunnum og bömbum) er hægt að skila til Gefnar til endurnýtingar og eru notendur hvattir til að nýta þann kost.

TRF I fæst í eftirfarandi umbúðastærðum

Umbúðastærð	Vörunúmer
1 lítri	
5 lítrar	
20 lítrar	
200 lítrar	
1000 lítrar	